

**Hjálmar í Hlað stefnir á að halda riffilmót og æfingar í sumar. Eftirfarandi er á Hlaðvefnum í dag:**

Hugmyndir er að halda riffilskotkeppni á velli SR seinnipart júlí mánaðar.

Þar sem Norma er tilbúið að styrkja mótið verður það kallað Hlað-Norma riffilmót

og einungis leyft að nota Norma verksmiðjuskot og 6,5x55.

Skotin verða seld á sérstöku verði og reynt verður að hafa verðið á pari við endurhlaðin skot.

Skiplagðar æfingar vonandi að minsta kosti tvisvar í viku verða fram að móti og svo verður keppt á 100 og 300 metrum, 10 skot fríhendis á 300 m og 10 skot af borði í resti eða á tvífót á 300 m.

Fengin verður ein keppnisskytta frá Skandinavíu sem keppir sem gestur, hann kemst ekki í verðlaunasæti.

Afar vegleg verðlaun verða fyrir þrjú efstu sætin.

Gaman væri að heyra hvað mönnum finnst en þetta með Norma skotin & 6,5x55 er njörvað niður.

Bendi einnig á að þetta er bara eitt af vonandi mörgum riffilmótum í sumar.

Veiðikveðja Hjalli